

Skólaráð

Mætt: Erla Jóna Steingrímsdóttir (fulltrúi kennara), Sigríður Ingólfssdóttir (fulltrúi foreldra), Jón Ragnars (fulltrúi foreldra), Alexander Kárason (fulltrúi grenndarsamfélags, María Qing Sigríðardóttir (varafulltrúi nemenda), Ingrid Lín Chan Óskarsdóttir (fulltrúi nemenda), Margrét María Marteinsdóttir (fulltrúi nemenda), Ásta Benediktsdóttir (fulltrúi kennara), Þórhildur Elfarsdóttir (skólastjóri) og Þórunna Rósa Ólafsdóttir (skólastjóri og fundarritari).

1. Fjárhagsáætlun

Fengum aukið fjármagn vegna stoðþjónustu. Bæði með sérkennslu og nýbúakennslu í huga.

Lögð var áhersla á að endurnýja húsgögn og stefnt er á endurnýjun húsgagna í sex stofur á fjárhagsárinu.

Bætt var í bókakaup, bæði á bókasafn og bókakostur aukinn vegna áherslu á lestur og íslenskukennslu.

Bætt var við fjármagni til tölvukaupa.

0770 – Þetta er kostnaðarhlutdeild vegna launa í útibúinu Brúarland.

2. Samræmd próf

Niðurstöður samræmdra prófa hjá 4. og 7. bekk kynntar fyrir skólaráði. Fulltrúar foreldra hafa áhyggjur og velta fyrir sér af hverju skólinn hefur sýnt slakan árangur undanfarin ár. Þórunna fór yfir hve alvarlegt það er að tala niður skólann út frá niðurstöðum samræmdra prófa. Það verður að taka inni að skólinn

hefur stækkað mikið undanfarin ár, árgangur kemur frá Krikaskóla í fimmta bekk ár hvert en fyrsti hópurinn kom fyrir sex árum, ný hverfi byggjast upp í bænum og þunginn hvílir á Varmárskóla.

Sigríður ræddi um að mikilvægt væri að kynna í skólaráði árangur í lestri út frá viðmiðum MMS. Þórána fór yfir að skólinn er nýbyrjaður að taka MMS prófin, yngri deildin byrjaði í maí sl. Þá óskaði hún eftir að fá kynningu á niðurstöðum í maí nk. Jafnframt fór hún yfir niðurstöður samræmdra prófa. Tók fyrir tvo árganga og slakt gengi þeirra og kallaði eftir ábyrgð. Hvaða vinna er í gangi til að mæla þennan árangur og þessi gæði? Erla Jóna fór yfir hvað verið er að gera. Nú eru fagstjórar í íslensku og stærðfræði frá 5.-10.bekk þar sem reynt er að fá samfellu. Hún ræddi um að kennarar væru í sífelldri endurskoðun með þetta mál. Þórána sendir skólaráði svör við spurningum Sigríðar um mælitæki sem skólinn notar.

3. Upplýsingar frá nemendaráði

Haldið verður ball fyrir 5. – 7. bekk næsta miðvikudag frá 17:00-19:00. Krökkunum finnst gaman að fara á ball og þarna er tækifæri til að fá fimmta bekk á fyrsta ballið á miðstigi. Sigríður var ósammála þessu telur að það sé of mikill þroskamunur á milli nemenda í 5. og 7 bekk til að vera saman á balli. Fulltrúi nemenda tók til máls og taldi þetta vera spennandi fyrir 5. bekk og gott að miðstigið hittist.

Sigríður óskar eftir fundi með nemendaráði eins og lög segja til um. Þá óskar hún eftir að sett verði í starfsáætlun skólaráðsfundur með nemendaráði. Skólastjórnendur munu bregðast við því.

4. Önnur mál

Þórhildur setti inn á fundinn spurningu um fund sem haldinn var 20. nóvember í FMos og boðað var til fyrir hönd stjórnar Foreldrafélags Varmárskóla til að ræða innri málefni Varmárskóla, þar sem valdir fulltrúar úr Fræðslunefnd Mosfellsbæjar og fulltrúar úr pólitíkinni voru boðaðir en skólastjórnendum var meinað að mæta. Þeir fengu ekki fundarboð og þegar óskað var eftir að fá að mæta var því neitað. Jón tók fram að fundurinn hefði bara verið spjallfundur og því ljóst að fundurinn hefur ekkert gildi.

Stjórnendum óska eftir að fá svör við eftirfarandi spurningum:

- Hver var tilgangurinn með þessum fundi?
- Hvers vegna var skólastjórum Varmárskóla ekki boðið að sitja þennan fund?
- Hver var dagskráin?
- Hvaða gögn voru lögð fram á fundinum?
- Hverjar voru niðurstöður fundarins og hvernig á að nýta þær niðurstöður?

Fundi slitið kl. 9.30.

Þórunna Rósa Ólafsdóttir, ritaði fundargerð